Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

Fernard Léger, Christo og Yoko Ono

— og sitthvað fleira á döfinni á Kjarvalsstöðum

Á KJARVALSSTÖÐUM fer fram fjölþætt menningarstarfsemi undir stjórn menningarmálanefndar Reykjavíkur og forstöðumannsins, Gunnars B. Kvaran. Réttara er að tala um Listasöfn Reykjavíkur, því innan stofnunarinnar eru einnig þrjú einkasöfn: Kjarvalssafn, Ásmundarsafn og Errósafnið. Á Kjarvalsstöðum gefst listamönnum tækifæri til að leigja sér sýningaraðstöðu, færri komast þó að en vilja, og Kjarvalsstaðir halda yfirlitssýningar á erlendri og innlendri myndlist, og bjóða íslenskum listamönnum að sýna. Á þessu ári verða haldnar ýmsar merkilegar og áhugaverðar sýningar, og er ekki á neinn hallað þótt sérstaklega sé minnst á sýningar á verkum Yoko Ono, Christo og Fernard Légers.

Á síðastliðnu ári voru haldnar 27 sýningar hér í húsinu, og þar af voru 9 á okkar vegum, og 115.000 gestir létu sjá sig," segir Gunnar B. Kvaran. „Útgáfustarfsemi var umtalsverð; við gefum út sýningaskrár, sem eru margar hverjar frekar bækur en skrár, og mjög góður vitnisburður um viðkomandi listamenn. Þá sáum við um þrjár sýningar erlendis: á teikningum eftir Kjarval í Álaborg, og íslenskri nútímalist í Danmörku og Bandaríkjunum.

Við kaupum mikið af listaverkum, samtals urðu þau 49 á síðasta ári, og við höfum tiltölulega ríflegar tekjur til listaverkakaupa — talsvert meira en ríkið. Við bætum við verkum eftir eldri meistara og kaupum einnig verk yngri listamanna, og með því styrkir Reykjavíkurborg íslenska nútímalist."


Gunnar segir að eftirspurn eftir sýningarrými í húsinu sé mun meiri en hægt sé að anna: „Við setjum saman ákveðna sýningadagskrá, þar sem annars vegar eru sýningar á vegum Listasafns Reykjavíkur, sýningar sem við hönnum alfarið, og síðan eru sýningar þar sem listamenn leigja ákveðið rými. Hlutfallslega er mun meira af leigusýningum. Í rauninni getum við hér ekki annað meiru en því sem við gerum, það er svo mikil vinna að baki því að setja saman vandaða sýningu. En áhersla er lögð á að í húsinu megi sjá verk eftir ólíka listamenn af ólíkum kynslóðum, sem vinna með margbreytilegar myndgerðir, og reynt að draga þannig fram þá ólíku þætti sem skapa íslenska myndlist. Allar tegundir myndlistar eiga að fá notið sín hér á Kjarvalsstöðum.

Boðsýningarnar, sem við höfum haldið á verkum íslenskra listamanna, hafa vakið mikla athygli, en í sambandi við þær er mikið gert fyrir listamennina. Við útbúum sýningarskrá, sem er nánast bók í hverju tilfelli, og sjáum um það sem þarf að gera. Á síðasta ári var meðal annars um að ræða sýningar Brynhildar Þorgeirsdóttur og Guðmundu Andrésdóttur.

Stórar yfirlitssýningar á íslenskum liststefnum hafa einnig einkennt starfsemi okkar á undanförnum árum. Við vorum á sínum tíma með stóra yfirlitssýningu á afstraktlist, svo fígúratívri list, einu sinni sýndum við SÚM-list, og á síðastliðnu ári voru það höggmyndir frá 1900 til 1950. Þannig höfum við einbeitt okkur sérstaklega að íslenskri myndlist, og boðið einstaka erlendum sýningum, til að gefa innsýn í og kynna ýmislegt sem hefur verið að gerast í alþjóðlegri myndlist.



Christo: „Regnhlífaverkefnið", skissa.



Yoko Ono: „Málverk til að negla nagla í", 1966/1988.



Fernard Léger: „Samstilling með þremur konum", 1927.

Fluxus og Yoko Ono

Á þessu ári verður mun meiri áhersla lögð á erlendar sýningar. Í fyrsta lagi verða opnaðar tvær merkar sýningar í apríl. Önnur er yfirlitssýning á Fluxus-hreyfingunni; hún olli miklum straumhvörfum í myndlistinni almennt og var alþjóðleg, andformræn listhreyfing sem kom fram á sjötta áratugnum. Fluxus-listamenn vildu endurnýja listhugtakið og sameina ólíkar listgreinar í nýju listviðhorfi. Á þessari yfirlitssýningu eiga meðal annars verk þeir Maciunas, Brecht, Filliou, Beuys, Nam June Paik og Knowles. Mörgum er enn í fersku minni þegar Paik heimsótti Ísland, tók niður um sig buxurnar og snéri afturendanum að áhorfendum. Í dag er hann einn af þekktustu myndhöggvurum heimsins.

Í samfloti við þessa sýningu bjóðum við fjöllistakonunni Yoko Ono, en hún var einn af frumkvöðlum Fluxus-hreyfingarinnar í New York, í kringum 1960. Hún er vitaskuld þekkt fyrir mörg tónverk, gjörninga, og aðrar uppákomur. Hér er á ferðinni yfirlitssýning sem spannar list hennar frá 1962 til 1990, og á henni verða mörg hennar þekktustu verka. Í tengslum við sýninguna hefur Yoko farið fram á að þrjár styttur eftir hana verði settar upp tímabundið í Reykjavík. Við erum að athuga það mál, en ef af verður kæmi ein fyrir framan Kjarvalsstaði, önnur á Lækjartorgi, og væntanlega ein í Tjörninni.

Þessar sýningar eru afskaplega framsæknar í eðli sínu, og nýstárlegar fyrir venjulega íslenska listunnendur, en þó eru þetta hugmyndir og hlutir sem eru næstum þrjátíu ára gamlir. Ef eitthvað er, ættu menn nú að geta tekið þeim með meira umburðarlyndi og skilningi en áður.

Christo

Á eftir Yoko Ono fáum við hingað mjög merkan mann og opnum sýningu á verkum hans, en það er Christo. Hann er bandarískur myndhöggvari, reyndar af búlgörsku bergi brotinn, og þegar 1958 brá hann nýju ljósi á listina með því að pakka inn hlutum og sýna þá sem skúlptúra. Reyndar höfðu súrrealistarnir kannað þennan innpökkunarmöguleika, en Christo gerir það á ákveðnari hátt, setur þessa hluti upp í stærra samhengi, og teljast verk hans því oft til umhverfislistar. Hann hefur pakkað inn þinghúsinu í Berlín og brú í París, svo eitthvað sé nefnt, og nú er hann að vinna að miklu regnhlífaverkefni, sem fer frá Japan til Kaliforníu."

— Þú átt kannski von á að hann pakki inn Alþingishúsinu?

„Nei, varla. Við búumst þó við ýmsu, og einhverjum datt í hug hvort hann gæti pakkað inn loftinu hér á Kjarvalsstöðum, og þá væri jafnvel hægt að gera það að varanlegu verki!" segir Gunnar og hlær.

„Reyndar er Christo hluti af Fluxus-hreyfingunni, þannig að það sem einkennir þær sýningar þrjár, er ákveðinn leikur. Þær eru mjög skemmtilegar; hugmyndaríkar og koma á óvart. Einhver sagði að listin væri orðin lífvana um leið og hún yrði normal, og ég held einmitt að með að tengja saman leikinn og hugmyndaflugið, og með að reyna ávallt að brjóta upp það sem er orðið normal, verði listaverk þessa fólks oft á tíðum einstaklega spennandi og gefandi fyrir áhorfendur."

Japönsk nútímalist og Frakkinn Cazal

— En þið látið ekki staðar numið þar í kynningu á erlendri list.

„Alls ekki. Í framhaldi af þessu verður hérna japönsk nútímalist; gífurlega umfangsmikil sýning sem kemur frá Seibu-safninu í Tókíó. Hún verður í öllu húsinu og gefur yfirlit yfir framsækna japanska myndlist síðustu tuttugu ára. Þar á meðal eru mjög nýstárleg verk, margir listamannanna hafa gert hvað sem þeir geta til að nýta sér alla möguleika listhugtaksins, og meðal þeirra eru ýmsir frægustu listamanna Japana í dag. Þessi sýning er hluti af átaki Japana til að kynna list sína fyrir Evrópubúum, og er að vissu leyti svar þeirra við „Scandinavia Today"-sýningunni sem var í Japan á sínum tíma.

Í lok ágúst bjóðum við upp á sýningu á verkum Philippe Cazal, sem er ein skærasta stjarnan í franskri samtímalist í dag. Hann nálgast raunveruleikann innanfrá í list sinni; listhluturinn og fyrirmyndin eru eitt og hið sama. Hann býr til allskonar sviðsetningar sem eru fyllilega sambærilegar við raunveruleikann, og tekur myndir af þeim. Myndirnar eru því nánast eins og auglýsingar, og til að kóróna það merkir hann myndir sínar með vörumerki, sem hann lét auglýsingastofu hanna fyrir sig. Listamaðurinn sem persóna er nánast settur út úr myndinni, og hann einbeitir sér að því að listin og listamaðurinn séu bara söluvara í neyslusamfélagi. Poplistamenn unnu út frá auglýsingum, bjuggu til myndverk sem notuðu auglýsinguna, en Cazal tekur auglýsingamiðilinn eins og hann er og notar tækni og boðskiptamál auglýsingasamfélagsins. Enginn munur er á list og raunveruleika."

Meistari Fernard Léger

— Þá er það trompið.

„Já, stóra trompið hjá okkur af erlendum listamönnum á árinu er stór sýning á verkum eftir Fernard Léger, sem verður opnuð 2. nóvember. Léger var einn stórbrotnasti listamaður tuttugustu aldarinnar, fæddur 1881 og dó 1955, og þessi sýning ber yfirskriftina „Fernard Léger og Norðurlöndin". Ég vann persónulega að henni og fékk í lið með mér deildarstjóra í Pompidou-safninu í París, Derouet að nafni, en hann er sérfræðingur í listamanninum. Í sameiningu gerðum við skissu að þessari sýningu og hann hefur síðan þróað hana áfram. Aðaláherslan er á að sýna tengsl Légers við Norðurlöndin. Hann var einn fárra evrópskra listamanna á árunum eftir fyrra stríð, sem leit á sig sem norðurevrópskan listamann. Aðrir voru að reyna að endurbyggja menninguna út frá latneskum menningarforsendum. En Léger sagðist vera að norðan, og fór til Finnlands og Svíþjóðar. Hann varð fyrir sterkum áhrifum þar; kynntist Alvar Aalto og vann með honum, og starfaði mikið við sænska ballettinn á sínum tíma. Margir keyptu verk hans og þannig